

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2004

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Forstöðumaður Hafréttarstofnunar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar sem er jafnframt þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu. Stjórn stofnunarinnar á árinu 2004 skipuðu Sverrir Haukur Gunnlaugsson formaður og Magnús K. Hannesson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Stefán Ásmundsson og Kolbeinn Árnason af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins og Eiríkur Tómasson og Björg Thorarensen af hálfu Háskóla Íslands.

Hafréttarstofnun Íslands hafði ásamt Hafréttarstofnuninni við Háskólann í Virginíu gengist fyrir alþjóðaráðstefnu um afmörkun landgrunnnsins í Reykjavík 25.–27. júní 2003 og var þar um að ræða langstærsta verkefni stofnunarinnar til þessa. Var ráðstefnan, sem haldin var í hátíðasal Háskóla Íslands, hin stærsta sinnar tegundar sem haldin hefur verið. Vakti ráðstefnan mikinn áhuga víðs vegar um heim og tóku alls um 170 sérfræðingar, einkum lögfræðingar og jarðvísindamenn, frá 50 löndum þátt í henni. Sumarið 2004 var gefið út rit með öllum fyrirlestrum sem fluttir voru á ráðstefnunni og var ritstjórn í höndum forstöðumanna stofnananna tveggja. Hafréttarstofnun Íslands hefur fært öllum þátttakendum í ráðstefnunni og öllum þróunarríkjum heims ritið að gjöf.

Hafréttarstofnun Íslands styrkti alþjóðaráðstefnu um orkumál, Norðurskautið og hafréttarmál sem Hafréttarstofnunin við Háskólann í Virginíu og rússneskar stofnanir á þessu sviði gengust fyrir í Pétursborg 23.–26. júní 2004. Framlag Hafréttarstofnunar fólst í því að kosta þátttöku pallborðsstjórnanda, Sverris Hauks Gunnlaugssonar, stjórnarformanns stofnunarinnar, auk þriggja fyrirlesara, þ.á m. Þórs Jakobssonar og Ævars Petersen, í þeim hlutum ráðstefnunnar er luttu að málefnum Norðurskautsins og norðursiglingaleiðinni.

Hafréttarstofnun varð árið 2002 aðili að Ródos-akademíunni í hafrétti sem gengst fyrir þriggja vikna sumarnámskeiði á þessu sviði ár hvert. Framlag Hafréttarstofnunar til Ródos-akademíunnar er þríþætt: Í fyrsta lagi er forstöðumaður stofnunarinnar á meðal fyrirlesara á námskeiðinu, í öðru lagi veitir stofnunin nokkrum Íslendingum, einkum lögfræðingum, öðrum sem hafa starfsreynslu á þessu sviði og laganemum, styrki til þátttöku í námskeiðinu og í þriðja lagi veitir stofnunin nokkrum erlendum einstaklingum, einkum frá þróunarríkjum, hlutastyrki til þátttöku í námskeiðinu. Lögfræðingarnir Anna Katrín Vilhjálmsdóttir og Matthías G. Pálsson, starfsmenn utanríkisráðuneytisins, og laganeminn Fanney Rós Þorsteinsdóttir hlutu styrki til þátttöku í námskeiði Ródos-akademíunnar 5.–23. júlí 2004.

Hafréttarstofnun auglýsir í upphafi hvers árs styrk til framhaldsnáms í hafrétti á næsta háskólaári. Nokkrir sóttu um styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2004–2005 en skilyrði til styrkveitingar voru ekki talin uppfyllt að þessu sinni.

Hafréttarstofnun veitti styrk vegna norræns námskeiðs í umhverfisrétti sem haldið var í Lögbergi 22.–24. ágúst 2004.

Hafréttarstofnun gekkst fyrir málstofu um olíurétt og nýtingu olíuauðlinda í Norðaustur-Atlantshafi í Lögbergi 18. október 2004. Fyrirlesarar í málstofunni, sem var fjölsótt, voru Ernst Nordtveit, prófessor í olíurétti við Háskólann í Björgvin, Rory Boyd, aðstoðarskrifstofustjóri olíumálaskrifstofu samgöngu- og auðlindaráðuneytis Írlands, Sigurð í Jakupsstovu, yfirmaður Olíustofnunar Færeyja, Hans Kristian

Schönvandt, yfirmaður auðlindaskrifstofu heimastjórnar Grænlands, og Sveinbjörn Björnsson, sérfræðingur á Orkustofnun.

Að lokum skal þess getið að nemendum í lagadeild H.Í., sem skrifa ritgerðir eða stunda rannsóknir á sviði hafréttar, eru heimil afnot af skrifstofu Hafréttarstofnunar í herbergi 310 í Lögbergi og bókasafni Hans G. Andersen, þjóðréttsfræðings og sendiherra, sem þar er að finna.